

Sp.

## 65. Tillaga til þingsályktunar

[59. mál]

um öryrkjaheimili og endurhæfingarstöðvar.

Flm.: Oddur Andrésson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um öryrkjaheimili og endurhæfingarstöðvar.

### Greinargerð.

Allir eru sammála um, að gera þarf eins vel við sjúkt fólk eða slasað og unnt er, bæði frá læknisfræðilegu og þjóðfélagslegu sjónarmiði. Miklar framfarir hafa orðið á þessum sviðum hin síðari ár um heim allan. Endurhæfingarstöðvar hafa verið reistar, þar sem unnið er að því að gera sjúkt og slasað fólk, sem ekki nær fullum bata við lækningar, hæft á ný, ýmist til sjálfsbjargar eða starfs.

Yfirleitt er grundvallarreglan sú: að vinna að því með öllum tiltækum ráðum að gera viðkomandi hæfan, þrátt fyrir svo og svo mikla takmörkun á orku, til að nýta til fullnustu alla möguleika, sem fyrir hendi eru til aukinnar sjálfsbjargar og starfsgetu vanmegna einstaklinga. Það gefur auga leið, að sú starfsemi er til hagsbóta fyrir þjóðfélagið í heild, sem leitast við að gera, í fyrsta lagi: rúmlegu-sjúklinga rólfæra og e. t. v. að litlu eða miklu leyti vinnufæra, í öðru lagi: óvinnufæra sjúklinga, sem að vísu þurfa ekki hjúkrun á sjúkrahúsi, vinnufæra að miklu eða öllu leyti.

Endurþjálfun hefur vissulega verið stunduð hér á landi í smáum stíl af ýmsum aðilum og við misjafnar aðstæður. Það hefur þá tíðum verið undir hælinn lagt, hverjir nytu slíkrar endurhæfingarþjálfunar á hverjum tíma.

Ekkert heildarskipulag um þessi mál er fyrir hendi. Þau eru þó æði viðtæk og skipta máli fyrir stóran hluta þjóðarinnar. Talið er, að 10—15% allra einstaklinga þjóðfélagsins þurfi einhvern tíma ævinnar á endurhæfingarþjálfun að halda.

Enn fremur er lögfest heildarskipulag þessara mála hagsmunaaatriði lýðtrygginga, svo og allra þeirra félaga og einstaklinga, sem að þessum málum vinna.

Öll endurhæfingarstarfsemi er kostnaðarsöm, svo sem önnur hliðstæð þjónusta. Því er löggjöf um hana nauðsynleg hér, hliðstæð lögum um þessi mál í nágrenna-löndum okkar, svo sem Norðurlöndunum.